

**Nd.**

**770. Tillaga**

til þingsályktunar um ráðstafanir til útrýmingar fjárkláða.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta fram fara á þessu ári ýtarlega fjárkláðaskoðun um land allt samkv. lögum nr. 40 8. nóv. 1901, og sé henni lokið fyrir nóvembermánaðarlok næsta haust, og krefjast nákvæmra skýrslna skoðunarmanna um útbreiðslu kláðans, að skoðuninni lokinni.

2. Að leggja fyrir forstöðumenn allra sláturhúsa landsins að láta fram fara athugun á því, hve mikið kemur til slátrunar af kláðasjúku fé næsta haust, og hvaðan, og
3. að fyrirskipa, að fengnum þessum skýrslum, útrýmingarböðun, annað tveggja á hverju sýktu samgangnasvæði út af fyrir sig, eða um land allt, ef engin samgangnasvæði eru ósýkt. Leita skal þó álits dýralækna landsins og Búnaðarfélags Íslands, áður en útrýmingarböðun er fyrirskipuð.